

Umhverfisstofnun
Áb. <i>TB</i>
21 DES. 2004
<i>53.11.2</i>
Tilv. <i>UST2004/200021</i>



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Stofnanarsími 552 22 00

Netfangið ust@ust.is

Netfangið ust@ust.is

Netfangið ust@ust.is

Netfangið ust@ust.is

Netfangið ust@ust.is

Skipulagsstofnun
Auður Yr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

19. desember 2004
Tilvísun: UST20041200021/tb

Efni: Skógrækt í landi Silfrastaða í Akrahreppi, matsskylda

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 30. nóvember sl., þar sem óskað er eftir álitum Umhverfisstofnunar á hvort skógrækt í landi Silfrastaða í Akrahreppi, alls 415 ha, sé matsskyld framkvæmd. Um er að ræða nánast samfellda skógrækt á svæði frá Bólugili að Kotagili.

Inngangur:

Um er að ræða skógrækt á alls 415 ha svæði frá Bólugili að Kotagili. Svæðinu er skipt í 10 svæði. Á svæðum 1, 2, 8 og 9 er skógrækt þegar hafin á alls 266,5 ha. Eftir standa því skógrækt á um 148,5 ha. Á svæðinu eru engin friðlýst svæði en á jöðrum þess eru tvö svæði á Náttúruminjaskrá nr. 415., *Kotagil og Skeljungssteinn, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Kotagil og Skeljungssteinn, sem stendur stakur alllangt vestan þess. Gilið er á mörkum Silfrastaða og Ytri-Kota. (2) Hrikalegt, djúpt árgljúfur. Í hraunlagi í gljúfrinu, svo og í Skeljungssteini, eru för eftir trjáboli.* og nr. 416 *Fossar í Bólugili, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Bólugil, fossaröð í Bóluá við bæinn Bólu. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í tilkomumiklu gljúfri nærri alfaraleið.* Samkvæmt upplýsingum frá Norðurlandsskógum kemur fram að landið á milli giljanna er töluvert raskað af búsetu, hlíðin að norðan lítt gróin og ber merki tíðra skriðufalla. Mörg gil og skriðukeilur eru á svæðinu. Þar finnast um 172 tegundir blómplantna og byrkninga en gróðurfar ekki talið sérstakt á nokkurn hátt. Fuglalíf er fáskrúðugt. Að norðanverðu er landið þurrt og nær ekkert mýrlendi. Ekki er til aðalskipulag fyrir Akrahrepp og svæðisskipulag hefur ekki verið samþykkt. Óvissa er um legu fyrirhugaðs nýs þjóðvegjar við jörðina Silfrastaði. Ekki er til deiliskipulag fyrir fyrirhugaða skógrækt.

Framkvæmd skógræktar við Silfrastaði:

Í meðfylgjandi gögnum kemur fram að tekið verður tillit til svæða á náttúruminjaskrá og þjóðminja við skógræktina. Fram kemur að ríkjandi trjátegundir sem verða notaðar í eftir hluta svæðisins lerki en birki verður sett í grúppur á frjósama staði ofan við lerkid og ætlað að mynda náttúruleg skógarmörk ofan við lerkiskóginn. Neðar í hlíðinni þar sem raki og jarðvegsþykkt eykst og gróðurfar breytist úr þurrum hálfgrónum þursaskeggsmómum í frjótt graslendi er gert ráð fyrir að planta ýmsum grenitegundum og laufrjáategundum. Gert er ráð

fyrir að rækta timburskóg með lerki sem aðaltegund en birki sem aðaltegund næst viðkvæmum svæðum á Náttúruminjaskrá og á skógarörkum. Sérstök áhersla verður lögð á fjölbreytni tegunda í frjósamasta landinu þar sem umferð er mest.


Umsögn:

Umhverfisstofnun telur að við skógrækt í landi Silfrastaða þurfi fyrst og fremst að taka tillit til annars vegar landslags þátta og þjóðminja og hins vegar skógræktar á svæði 4 og 7. Í 36. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd IV kafla um landslagsvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.“ Umhverfisstofnun telur því að nauðsýttlegt sé að skipuleggja skógrækt á Silfrastöðum þannig að heildarsvipmót landslags á skógræktarsvæðinu haldist, þ.e. hlíðar með giljum og skriðum og einnig að tekið verði tillit til menningarminja bæði sem einstakra fornminja en ekki síður sem hluta af „búsetulandslagi“. Í gögnum frá Norðurlandskógum og eiganda jarðarinnar kemur fram að vilji sé til að framangreint verði gert. Að mati Umhverfisstofnunar er þó mikill ókostur að ekki er til deiliskipulag fyrir skógræktina sem sýnir á hvern hátt það verður gert. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur m.a. fram að samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu Norðurlandskóga 2003 að gróðursett var á alls á 22 jörðum í Skagafirði og 14 jörðum í Húnavatnssýslu en Silfrastaðir eru eina jörðin sem komið hefur til umsagnar Fornleifaverndar ríkisins. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að í 38. gr. laga um náttúruvernd segir: „..... Leita skal umsagnar og tilkynna [Umhverfisstofnun] um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr.....“ Skógrækt á Silfrastöðum hefur ekki komið til umsagnar Umhverfisstofnunar fyrr en nú en eins og kemur fram að ofan er skógrækt þegar hafin á um 267 ha landi en hún var að hluta til hafin fyrir gildistöku laga nr. 106/2000 en að hluta eftir það, svæði 2.


Óvissa er um framtíðarlegu þjóðvegarins við svæði 4 og 7. Einnig eru engin gögn sem sýna náttúrufar á þessum svæðum t.d. eru ekki upplýsingar um fuglalíf á þeim. En mjög algengt er að ýmsar fuglategundir t.d. andategundir nýti sér jaðarsvæði við ár á ýmsan hátt. Umhverfisstofnun hefur ekki haft tækifæri til að skoða umrædd svæði á vettvangi.

Umhverfisstofnun telur, miðað við fyrirliggjandi gögn og með tilliti til 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, að framangreind framkvæmd sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum en bendir á að: 1. Ekki liggur fyrir deiliskipulag sem sýnir hvernig verður staðið að skógræktinni. 2. Óvissa er um framtíðarlegu þjóðvegar og ekki er að finna upplýsingar um náttúrufar við Norðurá og hugsanleg áhrif skógræktar þar á. 3. Ekki hefur verið leitað eftir lögbundnum umsögnum vegna þeirrar skógræktar sem þegar er hafin.

Virðingarfyllst,



Trausti Baldursson



Arni Bragason